

## Setningarræða

Halldórs Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

---

Forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ágæta sveitarstjórnarfólk og aðrir ráðstefnugestir.

### Inngangur

Verið velkomin á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin er einum og hálfum mánuði fyrir en venjan er.

Til fjármálaráðstefnu höfum við í gegnum árin haft þær væntingar að hér skýrist heildarmynd fjárhags sveitarfélaga ár hvert, svör fáist við spurningum um væntanlega tekjuþróun o.fl. sem skiptir máli við rekstur sveitarfélaganna. Við höfum búið við þær aðstæður síðan í fyrra að óvissa um þessa þætti hefur verið meiri en flest okkar ef ekki öll muna. Það er vegna þess sem við boðum til fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þetta mikið fyrir en venjulega.

Hér verður farið yfir þróun og horfur í rekstri sveitarfélaganna. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra ávarpa ráðstefnuna. Skilaboð þeirra til okkar verða að vera skýr þannig að okkur sé ljóst hvar við stöndum gagnvart ríkinu og hvaða áhrif niðurskurður og skattahækkanir á þeim bænum hafa áhrif á sveitarfélögin. Þau áhrif eru mikil og alveg ljóst að sjálfsstjórnarréttur sveitarfélaganna hefur skerst við það kerfishrun sem hér varð. Það á reyndar við um ríkið líka og þess vegna þurfum við að samræma áralagið til að koma okkur sem fyrst á betri stað í þessu samhengi.

### Fjármál sveitarfélaga eftir kerfishrun

Fyrir sveitarfélögin hafa áhrifin til þessa einkum verið þessi:

- Skuldaaukning, einkum vegna lána í erlendri mynt
- Tekjusamdráttur
- Aukin útgjöld vegna atvinnuleysis
- Mikil útgjaldaaukning í félagsmálum 60-70% hækkun útgjalda í félagsþjónustu skv. könnun sem sambandið hefur nýverið gert.
- Verri aðgangur að fjármagni
- Miklar endurgreiðslur gatnagerðar- og byggingarréttargjalda til lóðahafa
- Tap á eignum í peningamarkaðssjóðum

Sveitarfélögin vonast almennt til þess að rekstur þeirra fari batnandi á árinu 2011, árið 2010 verði þungt eins og árið í ár en þær væntingar eru þó háðar ýmsum ytri forsendum. Gengi krónunnar skiptir þar miklu máli fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem skulda myntkörfulán

en vaxtastig innanlands og aðgengi að lánsfé skiptir sveitarfélögin einnig mjög miklu máli. Einnig er grundvallaratriði fyrir sveitarfélögin að jafnvægi komist sem fyrst á í atvinnulífi. Sveitarfélögin hafa þegar gripið til margvíslegra hagræðingaraðgerða til að draga úr útgjöldum en áhersla er lögð á það að standa vörð um grunnþjónustuna.

Það er ljóst að niðurstaða ársreikninga 2009 verður því miður ekki í samræmi við fjárhagsáætlanir. Það ætti ekki að koma á óvart því við töluðum um að sjaldan eða aldrei hefðu sveitarfélögin unnið þessar áætlanir við jafnmikið óvissuástand. Vextir og verðbólga eru hærrí en flest sveitarfélög reiknuðu með og krónan er mun veikari. Og það hefur orðið 7% raunsamdráttur í útsvarstekjum, þ.e. hækkun um 2,4% í 10-11% verðbólgu. Þessa gætir mest á höfuðborgarsvæðinu en er vitanlega misjafnt milli sveitarfélaga. Atvinnuleysi er misjafnt líka en hefur mjög slæm áhrif á rekstur sveitarfélaganna þar sem þess gætir mest.

Það er útlit fyrir veika krónu áfram þannig að gengishagnaður sem við vonuðumst eftir í ár mun líklega láta eitthvað á sér standa áfram.

Sérstök tekjustofnanefnd er byrjuð að vinna. Hlutverk hennar er að fara yfir tekjustofnana eins og þeir eru í dag og horfa fram á við út frá núverandi og nýjum verkefnum. Nokkur ár eru síðan síðasta tekjustofnanefnd skilaði af sér og voru þá gerðar breytingar m.a. á álagningu fasteignaskatts o.fl. sem skilaði sveitarfélögum nokkru.

Í ljósi síðustu breytinga á vegalögum, þar sem þjóðvegum í þéttbýli fækkaði umtalsvert, virðist ástæða til að skoða hlutdeild sveitarfélaga í umferðarsköttum. Þetta er sérstakt hagsmunamál fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu en hefur alls staðar áhrif. Að mínu mati má leggja nokkurn þunga á þetta atriði í tekjustofnaviðræðum. Þetta er nefnt sem eitt dæmi margra sem við þurfum að skoða í þessum fjárhagslegu samskiptum. Endurskoða þarf svo margt í tekjusamsetningu sveitarfélaganna að í raun þyrfti að fara árlega yfir það. Þetta tengist endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna sem er í vinnslu og hefur verið kynnt á mörgum landshlutafundunum.

Varðandi samninga við AGS og útgjöld vegna Icesave mun ríkið grípa til skattahækkana á almenning og fyrirtæki til að mæta útgjöldum vegna samningsins og öðrum áföllum sem tengjast bankahruninu. Aukin skattheimta ríkisins mun skerða mjög svigrúm sveitarfélaga til tekjuöflunar með sköttum og þjónustugjöldum. Hagræðingaraðgerðir bæði hjá hinu opinbera og fyrirtækjum og aukið atvinnuleysi hafa leitt til lækkunar meðaltekna. Þegar við bætist aukin greiðslubyrði af lánnum ásamt hækkun velflestra nauðsynjavara vegna verðbólgu og óhagstæðrar gengispróunar er ljóst að bæði ráðstöfunartekjur og kaupmáttur almennings hafa skerst verulega. Af þeirri ástæðu er ljóst að svigrúm sveitarfélaga til aukinnar skattheimtu og hækkunar þjónustugjalda er mjög takmarkað. Við getum ekki útilokað að sveitarfélögin þurfi á skattahækkunum að halda og hækkun þjónustugjalda er víðast óhjákvæmileg. Í þessu samhengi vil ég nefna að þegar rætt er um tekjur sveitarfélaga þá er það vitanlega misjafnt eftir stöðu þeirra hvort þau geta komist í gegnum erfiðleikana án útsvarshækkunar eða hækkunar annarra skattstofna. Sum þurfa á öllum sínum skattstofnum að halda en önnur ekki. Það er að mínu mati jákvætt ef sveitarfélög ráða við verkefni sín án þess að hækka skatta en það á ekki að koma í veg fyrir að önnur hækki sína skatta neyðist þau til þess. Almennt séð er mikilvægt að halda allri skattheimtu og annarri álagningu sem lægstri.

Það er ljóst að ríkið þarf að hagræða í sínum rekstri og forgangsraða verkefnum. Þegar liggur fyrir að ríkið hyggst takmarka aðgang grunnskólanemenda að áföngum í framhaldsskólum. Með því er horfið á ákveðnu leyti frá þeirri hugmyndafræði sem lagt var upp með í nýjum lögum um grunn- og framhaldsskóla, að auka flæði milli skólastiga. Þessi afstöðubreyting kallar jafnframt á það að grunnskólalögum verði breytt, þannig að ekki verði þar kveðið á um rétt

grunnskólanemenda til þess að sækja nám í framhaldsskólaáföngum, enda var ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin greiddu kostnaðinn af því námi.

Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn hefur varað við því að hagræðing í rekstri ríkisins geti bitnað á sveitarfélögum á þann hátt að verkefni verði færð til sveitarfélaga án þess að nægilegir tekjustofnar fylgi. Af þeirri ástæðu hefur Samband íslenskra sveitarfélaga vakið athygli Alþingis og ráðherra á nauðsyn þess að lögfesta án tafar samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga líkt og kveðið er á um í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar. Telur sambandið ástæðu til að undirstrika mikilvægi þess að allar skattalagabreytingar verði kostnaðarmetnar gagnvart sveitarfélögum.

Samkomulag milli ríkisins og sambandsins um hækkun húsaleigubóta og kostnaðarskiptingu vegna sérstakra húsaleigubóta fellur úr gildi á næsta ári. Við gerum okkur vonir um að fjármagn til þess verkefnis sé í fjárlögunum og að Jöfnunarsjóður sé með sömu fjárhæð og í fyrra, um það höfum við ekki upplýsingar fyrr en fjárlagafrumvarpið verður gert opinbert síðar í dag. Ef þetta er raunin er viðbótarframlagið inni en fjárhæðin í sjóðinn lækkar að raungildi um verðbólguna milli ára.

### **Atvinnumál**

Reynsla sveitarfélaga á landsbyggðinni sýnir glögglega að áföll í atvinnulífi geta leitt til viðvarandi fækkunar íbúa. Mikilvægt er bæði fyrir ríki og sveitarfélög að ekki bresti á sambærilegur fólksflótti frá landinu á komandi árum en slík þróun myndi hafa viðvarandi neikvæð áhrif á fjárhag ríkis og sveitarfélaga og leiða til þess að örðugt geti reynst að halda uppi ásættanlegu þjónustustigi. Hugsa þarf um allt landið í þessu samhengi. Svo virðist sem stærstu framkvæmdirnar sem talað er um verði að litlu sem engu leyti utan höfuðborgarsvæðisins og áhrifasvæðis þess. Þar er mestur vandinn, það er okkur öllum ljóst, en það þarf að gæta þess að landsbyggðin hefur átt í langvinnum vanda sem ekki er búið að leysa enn.

Sveitarfélögin sem eru aðilar að stöðugleikasáttmálanum binda mörg vonir við það að erlendir fjárfestar muni koma með ný störf til landsins í stað þeirra sem töpuðust í kjölfar bankahrunsins. Samkeppnishæft skattaumhverfi og stöðugleiki í efnahagslífi hér á landi mun án efa verða eitt þeirra atriða sem slíkir aðilar munu hafa í huga við sínar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar. Það veldur mér áhyggjum að heyra aftur og aftur af fjárfestingaverkefnum sem virðast vera í uppnámi vegna þess sem virðist vera áhugaleysi ríkisvaldsins eða hreinlega að unnið sé gegn verkefnum sem eru við það að komast á. Margt er þó öðruvísi í raunveruleikanum en í framsetningu fjölmiðla og því vona ég að verkefni sem eru háð línulögnum eða virkjunum verði ekki röngum ákvörðunum að bráð. Okkur er bráðnauðsynlegt að nýta þau tækifæri sem gefast. Þjóðin þarf á tekjum að halda til að vinna sig út úr vandanum, tækifærin eru víða og sveitarfélögin verða að fá stuðning ríkisvaldsins við að vinna úr tækifærunum en ekki að ríkisvaldið rífi í handbremsuna á óstöðugasta kafla leiðarinnar.

### **Lýðræðismál**

Stjórn sambandsins hefur samþykkt umsögn um frumvarp til laga um persónukjör í sveitarstjórnarkosningum. Þar er ítarlega fjallað um kosti og galla frumvarpsins en að mínu mati þarf frumvarpið frekari umfjöllun áður en það getur orðið að lögum. Sá tími sem nú er til stefnu fram að kosningum nægir að mínu mati ekki til þess að útkljá þau fjölmörgu atriði sem bent er á í umsögn sambandsins. Þar vega e.t.v. þyngst áhrif á hlutföll kynjanna í sveitarstjórn og ókostir sem snúa að því að erfiðara verður að leggja fram sameiginlega lista tveggja eða fleiri stjórn málahreyfinga. Auk þess hef ég talið að persónukjör ætti að vera þannig að kjósendur geti valið frambjóðendur frekar en lista. Eins og frumvarpið lítur út geta kjósendur valið lista og

raðað honum. Það er prófkjör á kjördag. En eins og þið þekkið þá er mikill áhugi hjá sveitarfélögunum að auka lýðræði og lýðræðisvitund á sveitarstjórnarstiginu. Ég held því fram að það sé mikið lýðræði á sveitarstjórnarstiginu og að persónukjör verði til þess að bæta það enn frekar. En það verður að vera aðferð sem vinnur ekki gegn þeim þáttum sem ég nefndi hér fyrir.

Ég vek sérstaka athygli á ályktun landsfundar jafnréttisnefnda sveitarfélaga, sem haldinn var á Ísafirði í byrjun september: „**Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga skorar á stjórnámálflokka og önnur framboð að tryggja jöfn hlutföll kynjanna í efstu sætum á framboðslistum til sveitarstjórnarkosninga vorið 2010. Það er á ábyrgð þeirra sem bjóða fram lista við kosningar að jafna hlutdeild kynja við ákvarðanatöku í stjórnámálum.**“ Jafnframt skoraði fundurinn á alþingsmenn að skoða ítarlega hvaða áhrif samþykkt þess frumvarps um persónukjör sem nú liggur fyrir Alþingi, hefði á möguleika til að jafna stöðu kynjanna á þingi og í sveitarstjórnnum.

Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði á fjármálaráðstefnu fyrir tveimur árum. Smám saman hefur orðið sú breyting að konum fjölgar í sveitarstjórnnum en frekar hægt. Fóru yfir 30% sveitarstjórnarfólks 2002 og yfir 35% 2006.

Það hefur verið markmið að jafna stöðu karla og kvenna í sveitarstjórnnum sem annars staðar og við þurfum að ræða þessa stöðu á kjörtímabilinu og hvetja konur til frekari þátttöku í sveitarstjórnarmálum. Við þurfum líka að ræða stöðu sveitarstjórnarmanna almennt, vinnuaðstæður, fjölskyldustefnu, laun og fleira sem laðar fólk að þessum störfum frekar en að fæla það frá þeim. Svo mörg voru þau orð fyrir tveimur árum en þau eiga við núna þegar undirbúningur fyrir sveitarstjórnarkosningar næsta vor er að hefjast. Hvort sem frumvarp um persónukjör verður að lögum eða ekki þá má skoða aðferðafræðina í því frumvarpi um single transferable vote en þá aðferð má hugsanlega nota við uppstillingu eða prófkjör. Þetta er a.m.k. valkostur til skoðunar.

Ég vil einnig vekja athygli ykkar á því að stjórn sambandsins hefur lýst stuðningi við þá tillögu lýðræðishóps sambandsins að sett verði í lög ákvæði um siðareglur. Ég hvet allar sveitarstjórnir til þess að skoða þetta mál með opnum huga enda er það til þess fallið að auka traust almennings til kjörinna fulltrúa og þeirra sem starfa í stjórnsýslu sveitarfélaga.

### **ESB-aðildarviðræður.**

Sambandið mun fylgjast grannt með viðræðum um mögulega ESB-aðild og væntanlega eiga fulltrúa í einhverjum þeirra viðræðunefnda sem komið verður á fót. Þetta er mál sem snertir sveitarfélögin á fjölmarga vegu og felur bæði í sér tækifæri og ógnanir. Við væntum þess einnig að landshlutasamtök sveitarfélaga taki virkan þátt í viðræðunum, einkum um þá þætti sem snúa að byggðamálum, sjávarútvegi og landbúnaði. Hver sem niðurstaðan verður að lokum þá þarf sveitarstjórnarstigið að láta til sín taka í þessum viðræðum.

### **Samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga**

Í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er ákvæði um að halda a.m.k. einn formlegan samráðsfundur á ári hverju. Við þær aðstæður sem nú ríkja eru samráðsfundirnir mun fleiri en samráðsfundur byggður á samstarfssáttmálanum var haldinn í fyrradag. Þar var farið yfir stöðu og horfur í búskap ríkis og sveitarfélaga, rætt um hagstjórnarsamning og eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Ég ætla að taka það fram að samstarf er gott við sveitarstjórnarráðuneytið og fjármálaráðuneytið en þessi tvö ráðuneyti eru lykilráðuneyti í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það er ánægjulegt að frá og með deginum í dag verður sveitarstjórnarheitið formlega fest á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

### **Efling sveitarstjórnarstigsins**

Eftir samráðsfundinn undirrituðum við samgönguráðherra yfirlýsingu um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þar er lýst yfir ánægju með þá vinnu sem farin er af stað til eflingar sveitarstjórnarstigsins en eins og þið þekkið er unnið að yfirfærslu á málefnum fatlaðra og aldraðra til sveitarfélaganna, nefndir starfa við heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og reglum jöfnunarsjóðs, samráð ríkis og sveitarfélaga hefur verið bætt og eflt með tilkomu sérstakrar samráðsnefndar, sem við nefnum Jónsmessunefnd, og á vettvangi samráðsnefndar um efnahagsmál er unnið að frekari útfærslum á samráði hins opinbera á sviði efnahagsmála. Gerð sóknaráætlana fyrir hvern landshluta mun jafnframt skapa nýja sýn á samþættingu opinberrar stefnumótunar og svæðasamvinnu. Sambandið hefur lagt áherslu á það í stefnumörkun sinni að sem flestar opinberar áætlanir verði samþættar og má segja að ríkisstjórnin hafi fallist á það með því að efna til Sóknaráætlunar fyrir Ísland 20/20. Það er mikilvægt að sveitarstjórnarmenn kynni sér þá vinnu, taki þátt í henni og hafi skoðun á þeim tillögum sem þar eru settar fram.

Aðilar eru sammála um að vinna ötullega að þessum verkefnum og þeim markmiðum sem sett eru í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í stefnumörkun sambandsins um eflingu sveitarstjórnarstigsins og bætt samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Aðilar eru sammála um að einn liður í eflingu sveitarstjórnarstigsins er frekari sameining sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hvetur til sameiningar og stækkunar sveitarfélaga en hefur ekki stutt hugmyndir um lögbvingaða sameiningu. Sambandið er þó tilbúið til viðræðna um útfærslu á öðrum leiðum hvað þetta varðar, eins og í öðrum samskiptamálum ríkis og sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra telur nauðsynlegt að fara nýjar leiðir við sameiningar svo ná megi heildstæðari árangri við eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þó að leið frjálsrar sameiningar hafi leitt til verulegrar fækkunar sveitarfélaga er fjöldi fámennra sveitarfélaga enn of mikill og jafnframt ákveðin hindrun fyrir frekari eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Með hliðsjón af ofangreindu hafa samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra annars vegar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar sameinast um vinnu við mótun tillagna um leiðir til frekari sameiningar sveitarfélaga sem lið í átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins.

Tillögurnar munu svo fara fyrir landsþing eða aukalandsþing sambandsins. Í drögum að yfirlýsingu sem lögð var fyrir stjórn sambandsins í síðustu viku var einungis talað um landsþing 2010 sem haldið verður um haustið skv. venju á kosningarári. Stjórnin ákvað að bæta inn ákvæði um aukalandsþing til að hafa þann möguleika að hraða verkefninu og fá fram afstöðu sveitarstjórna landsins á landsþingi fyrir kosningar í vor. Afstaða okkar hefur ekki breyst, landsþing sambandsins hafna lögbvinguðum sameiningum. Við munum í þessu verkefni hins vegar sjá hugmyndir að nýrri sveitarfélagaskipan í landinu og mun landsþing eða aukalandsþing sambandsins geta tekið afstöðu til þess.

Við þetta má svo bæta að Austfirðingar samþykktu á ársfundi sínum að vinna hugmyndir um eitt sveitarfélag á Austurlandi. Samþykkt á Fjórðungsþingi Vestfirðinga um daginn var ekki ósvipuð en þar var samþykkt að skoða kosti þess og galla að sameina sveitarfélög á Vestfirðum.

## Lokaorð

Við þurfum að nýta þessa fjármálaráðstefnu til að fá skýr skilaboð til stjórnar sambandsins og ríkisvaldsins. Ráðstefnan á samsetningar sinnar vegna erfiðt með að samþykkja ályktun en það sem hér er lagt fram og rætt um er veganesti til sveitarfélaganna við erfiða fjárhagsáætlunarvinnu vegna ársins 2010.

Framkvæmdastjóri sambandsins mun fara yfir hagstjórnarmálin og tölur frá sveitarfélögunum hér á eftir. Til stendur að undirrita vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings ríkis og sveitarfélaga síðar í dag. Vegvísirinn er liður í því að þetta samstarfið enn frekar. Hagstjórn ríkis og sveitarfélaga þarf að vinnast í nánú samstarfi. AGS gerir kröfu um að litið sé á fjármál hins opinbera í heild. Ekki ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

Það er mikilvægur þáttur í hagstjórnarverkefninu að safna reglulega upplýsingum um rekstrar- og efnahagsstöðu sveitarfélaganna. Ég vil nota þetta tækifæri til að brýna ykkur sveitarstjórnarfólk og starfsfólk sveitarfélaganna til að gefa þessar upplýsingar til sambandsins þegar um þær er beðið. Það er algjörlega nauðsynlegt til að okkar þáttur í þessum málum sé trúverðugur að við séum með nýjustu upplýsingarnar hverju sinni.

Árangur í þessum málum öllum, byggist á samstarfi. Lykillinn er að áralagið sé samræmt og allir kraftar nýttir. Samstarf ríkis og sveitarfélaga. Samstarf innan sveitarfélaganna. Ábyrgð okkar sveitarstjórnarfólksins er algjör á því sem snýr að rekstri sveitarfélaganna, þeirri ábyrgð vísu við ekki annað eða hlaupum undan henni. Við megum ekki láta kosningar næsta vor skemma fyrir árangri og nauðsynlegri ákvarðanatöku vetrarins. Meiri- og minnihlutakarp mun eflaust aukast á kosningavetri en í raun eigum við hvorki tíma né orku aflögu í slíkt karp. Við þurfum að nota kraftana í annað við þessar aðstæður. Íbúarnir krefjast þess af okkur að við sýnum ábyrgð og aðhald í rekstri þó það sé erfiðt. Ég tel að sveitarstjórnir vítt og breitt um landið hafi tekið duglega á rekstri sinna sveitarfélaga og að við ráðum við ástandið í heild á sveitarstjórnarstiginu.

Af og til heyrum við í fjölmiðlum um að þetta eða hitt sveitarfélagið sé í gjörgæslu. Ég hef ekki tekið undir þetta vegna þess að þetta er ekki rétt. Öllum sveitarfélögum er stýrt af rétt kjörnum sveitarstjórnnum þeirra. Alls staðar er verið að takast á við ástandið. Við gerðum ráð fyrir erfiðu ári þegar við komum saman á síðustu fjármálaráðstefnu og eitt af því fyrsta sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerði var að leggja fram lista yfir atriði sem þyrfti að breyta með laga- og reglugerðarbreytingum vegna erfiðra aðstæðna. Aðstæðna sem við höfðum ekkert um að segja en urðum að takast á við. Meðal þess var ákvæði um að sveitarfélögum yrði heimilt að afgreiða fjárhagsáætlanir ársins 2009 með halla. Ég rifja þetta upp til að undirstrika að staðan núna er í raun ekki að koma okkur á óvart og staða ríkissjóðs er síst betri en sveitarfélaganna. Við gerðum ráð fyrir að þetta yrði þungt og við tókumst á við það.

Við þéttum raðir okkar sveitarstjórnarfólks á fjármálaráðstefnu. Verkefnin eru næg og við göngum til þeirra af vinnugleði og vissu um gagnsemi þeirra fyrir íbúa landsins. Það er full ástæða til þess að líta til sveitarfélaganna og árangurs þeirra við erfiðar aðstæður. Þau leita allra leiða til að finna nýjar leiðir í samstarfi við atvinnulífið. Tækifærin eru fjölmörg og aldrei hefur verið mikilvægara að nýta þau í þágu þjóðarinnar. Við þurfum á meiri tekjum að halda og eigum að ýta undir ný tækifæri en ekki koma í veg fyrir þau. Við eigum að stækka

Þjóðarkökuna en fara varlega í skattamálunum. Og við verðum að gæta þess að setja ekki leikreglur eftir á fyrir atvinnulífið. Séu þessir hlutir allir í lagi er bjartara framundan fyrir íslenska þjóð.

Þessi ráðstefna er undirbúin af starfsfólki sambandsins. Það er gott fólk sem starfar fyrir okkur og vil ég færa því bestu þakkir fyrir góðan undirbúning.

Fjármálaráðstefnan 2009 er sett.

(Við stjórn ráðstefnunnar taka og  
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, forseti sveitarstjórnar í Sveitarfélaginu Skagafirði)